

það fyrir 15. dag. maimánaðar, ásamt vottorði frá manni eða mönnum, sem lokið hafa burfararprófum við hinn almenna mentaskóla eða öðrum jafngildum prófum, um það, að hann eða þeir hafi haft eftirlit með námi hans, og skal því fylgja skýrsla um það, sem nemandinn hefir lesið og numið. 40
18. apríl

10. gr.

Utanskólanemendur skulu hafa lesið og numið alt það, er lesið er og numið í allri gagnfræðadeildinni eða jafngildi þess, og skulu ganga undir próf í því öllu, svo og í teiknun og hannyrðum. Er kennurum skylt að haga svo prófinu í samráði við prófdómendur, að nægileg víska fáist um það, að nemendur hafi náð tilætlaðri kunnáttu og þroska. Prófseinkunn utanskólanemenda er fulln-
aðareinkunn þeirra.

Í stjórnarráði Íslands 18. apríl 1907.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

G. Sveinbjörnsson

aðst.

Auglýsing

41

er fellir úr gildi auglýsingu stjórnarráðs Íslands 9. mars 1907,
um bólusótt í Dunkerque.

Auglýsing stjórnarráðs Íslands 9. f. m., um að ákvæðum laga nr. 34, frá 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verði beitt að því er snertir bæinn Dunkerque á Frakklandi sökum bólusóttar þar, er feld úr gildi, þannig, að bæ þenna ber eigi lengur að skoða sem sýktan af tjeðum sjúkdómi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 18. apríl 1907.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

G. Sveinbjörnsson

aðst.